



# HÆTTA 2022

Vinnustofa 27. apríl 2022



## Efnisyfirlit

Samantekt .....	2
Inngangur .....	3
Undirbúningur og framkvæmd .....	3
Mat þátttakenda á framkvæmd vinnustofunnar .....	4
Úrbótatillögur þátttakenda varðandi viðbrögð MAST við hættuástandi .....	4
Eftirfylgni .....	5
Viðauki – Gögn sem send voru þátttakendum fyrirfram .....	6
Tími og staðsetning .....	6
Skipuleggjendur .....	6
Stjórnun .....	6
Þátttakendur .....	6
Tilgangur vinnustofunnar .....	6
Markmið vinnustofunnar .....	6
Framkvæmd .....	7
Endurmat .....	7
Gögn .....	7
Dagskrá .....	7
Sviðsmynd 1 - 101 svín leikur lausum hala eftir bílveltu .....	8
Sviðsmynd 2 - Fjósbruni á Brunastöðum í Aðaldal .....	9
Sviðsmynd 3 - Aurskriða féll á þorpið Eyrarvík á Vestfjörðum .....	10
Sviðsmynd 4 - Óveður í aðsigi: "Nú eru menn á tánum" .....	11
Sviðsmynd 5 - Rennsli eykst enn í Hvítá .....	12
Sviðsmynd 6 - Yfirvofandi gos í Kötlu .....	13
Sviðsmynd 7 - Flóðaviðvörðun vegna skjálftavirkni undir Hofsjökli .....	14
Endurmatseyðublað .....	15

## Samantekt

Vinnustofa um viðbrögð við hættuástandi var haldin 27. apríl 2022 á Teams. Tilgangur vinnustofunnar var að ræða hlutverk MAST hvað varðar ýmis konar hættuástand sem ógnar heilbrigði og velferð dýra, annars en alvarlegra dýrasjúkdóma. Markmið vinnustofunnar var að ná fram sameiginlegri sýn þátttakenda á hlutverk MAST við slíkar aðstæður og að VÁ-teymi MAST hafi efnivið til að gera endurbætur á drögum að viðbragðsáætlun vegna hættuástands.

Dagskráin byggðist á umræðum um gefnar sviðsmyndir sem sendar voru þátttakendum fyrir fram ásamt drögum að viðbragðsáætlun vegna hættuástands, sjá [viðauka I](#). Við hverja sviðsmynd voru bornar fram spurningar sem sneru að hlutverki MAST varðandi viðkomandi sviðsmynd þ.e. hvort MAST hefði einhverju hlutverki að gegna í viðkomandi aðstæðum og ef svo væri þá hver viðbrögðin ættu að vera, hver væru markmið þeirra og hvort þátttakendur sæju einhverjar hindranir eða áskoranir þar að lútandi.

Vinnustofan stóð frá klukkan 9 til 12 og hófst á kynningu og síðan var gefin ákveðinn tími fyrir hverja sviðsmynd. Lengsti tíminn var gefinn fyrir fyrstu sviðsmyndina og þá síðustu. Síðustu 15 mínútur vinnustofunnar voru notaðar í umorðun og samantekt á umræðum.

Það helsta sem kom fram í umræðum var að skýra þurfi hlutverk MAST innan núverandi lagaramma um almannavarnir. Þátttakendur voru sammála um að MAST eigi að vera leiðbeinandi en ekki ábyrgðaraðili viðbragða. Hlutverk MAST við aðstæður sem þær sem fjallað var um á vinnustofunni lýtur fyrst og fremst að því að hafa eftirlit með að velferð dýra sé tryggð svo sem kostur er sem og öryggi matvæla.

Í lok vinnustofunnar voru þátttakendur beðnir um að fylla út endurmatsblöð, sjá [viðauka II](#). Við úrvinnslu á þeim kom í ljós að þátttakendum hafi almennt fundist viðfangsefni vinnustofunnar raunhæft og meirihluta þeirra fannst tilgangur og markmið hafa verið skýr.

## Inngangur

VÁ-teymi MAST var stofnað á Akureyri 11. janúar 2019. Teymið hefur m.a. það hlutverk að skrifa og endurskoða viðbragðsáætlanir, og skipuleggja og framkvæma viðbragðsæfingar fyrir starfsfólk MAST og aðra sem koma að aðgerðum er varða alvarlega smitsjúkdóma í dýrum og vernd dýra í tengslum við náttúruhamfarir og slys.

Meðal þess sem VÁ-teymið hefur unnið að er að skrifa drög að nýrri viðbragðsáætlun vegna hættuástands sem getur ógnað heilbrigði og velferð dýra. Í tengslum við þá vinnu ákvað teymið að halda vinnustofu með því starfsfólki MAST sem helst þyrfti að koma að slíkum málum. Hugmyndin var að fá fram skýrari mynd af hlutverki Mast hvað þessi mál varðar og fá fram fleiri hugmyndir um hvað betur má fara í slíkri viðbragðsáætlun.

Tilgangur vinnustofunnar var að þátttakendur skoðuðu og ræddu hvaða hlutverk MAST hefur í tengslum við ýmis konar hættuástand sem ógnar heilbrigði og velferð dýra, annars en alvarlegra dýrasjúkdóma.

Markmið vinnustofunnar var tvíþætt: Í fyrsta lagi að í lok vinnustofunnar hefðu þátttakendur sameiginlega sýn á hlutverk MAST hvað varðar ýmis konar hættuástand sem ógnar heilbrigði og velferð dýra, annars en alvarlegra dýrasjúkdóma og í öðru lagi að VÁ-teymið hefði efnivið til að gera endurbætur á drögum að viðbragðsáætlun vegna hættuástands.

## Undirbúningur og framkvæmd

Um undirbúning og skipulagningu vinnustofunnar komu meðlimir VÁ-teymis MAST, Auður Lilja Arnþórsdóttir, Kristín Silja Guðlaugsdóttir, Sigurbjörg Ólóf Bergsdóttir og Þórður Pálsson.

Boð var sent til þátttakenda 1. apríl þar sem sagt var frá tilgangi og markmiði æfingarinnar og áminning var send til þátttakenda 24.apríl. Þátttakendur fengu fyrir æfinguna senda dagskrá og þær sviðsmyndir sem voru lagðar voru til grundvallar umræðum, sjá [viðauka I](#).

Þátttakendur voru héraðsdýralæknar allra umdæma, sérgreinadýralæknar dýrategunda, yfirdýralæknir og sviðsstjóri Samhæfingar. Alls tóku 10 manns þátt.

Auður Lilja sá um kynningu og stjórnun vinnustofunnar, Kristín Silja og Sigurbjörg Ólóf voru ritarar og Þórður tímavörður.

## Mat þátttakenda á framkvæmd vinnustofunnar

Í lok vinnustofunnar voru 15 mínútur notaðar í umorðun og farið yfir fundargerð vinnustofunnar. Kristín Silja fór yfir fundargerðina og síðan kom Auður Lilja með nokkur lokaorð. Eftir vinnustofuna fengu þátttakendur send endurmatsblöð með sjö spurningum um álit þeirra á vinnustofunni, undirbúningi og framkvæmd meðal annars, sjá [viðauka II](#). Fimm þátttakendur skiluðu inn útfylltum blöðum.

Þremur af fimm þátttakendum sem sendu inn endurmatsblöð fannst tilgangur og markmið hafa verið skýr. Einum fannst tilgangurinn óskýr í upphafi en að málið hafi skýrst smám saman. Öllum þátttakendum fannst viðfangsefni vinnustofunnar vera raunhæf og tímalengd hennar hæfileg. Öllum fannst þeim gagn að slíkum vinnustofum og sumir tóku fram ósk um að slíkar vinnustofur væru haldnar reglulega. Öllum þátttakendum nema einum finnst vera þörf fyrir sérstaka áætlun um viðbrögð við hættuástandi sem ógnar velferð og heilbrigði dýra, annarra en alvarlegra dýrasjúkdóma. Flestir voru ánægðir með skipulag vinnustofunnar.

Ekki komu fram margar tillögur til úrbóta varðandi framkvæmd vinnustofunnar. Einn hafði orð á því að kannski hefðu verið full mörg atvik til umfjöllunar. Annar setti fram ósk um að fleiri skjöl væru send út fyrirfram í sambandi við viðfangsefnið og kannski lög og reglugerðir, og aðrar viðbragðsáætlanir Mast.

## Úrbótatillögur þátttakenda varðandi viðbrögð MAST við hættuástandi

Hvað varðar efni umræðna um sviðsmyndirnar sjálfar var stigsmunur á niðurstöðunni eftir því hvort um var að ræða annars vegar ófyrirséða og/eða yfirstaðna eða hins vegar yfirvofandi atburði.

Séu atburðir ófyrirsjáanlegir eða yfirstaðnir er hlutverk MAST að hafa eftirlit og veita leiðbeiningar og ráðgjöf en er ekki útkallsaðili. MAST á að vera sýnileg, sinna eftirliti og veita sérfræðiaðstoð þegar óskað er eftir því. MAST á að vera leiðbeinandi en ekki ábyrgðaraðili viðbragða. Hlutverkið snýst fyrst og fremst um að gæta að dýravelferð og matvælaöryggi. Hindranir eru t.d. tímasetning (starfsfólk MAST er ekki við utan skrifstofutíma), árstími og mannskapur (skortur á starfsfólki).

Þegar um er að ræða yfirvofandi atburði eru fyrirbyggjandi aðgerðir mögulegar. Rætt var um hvort MAST ætti að gefa út ráðleggingar og benda mönnum á að huga að sínum skepnum og tryggja þeim fóður og vatn, eða hvort betra væri að koma þeim ráðleggingum út í gegnum Almannavarnir t.d. með því að koma sjónarmiðum varðandi dýr inn í viðvaranir og viðbragðsáætlanir vegna t.d. óveðurs eða náttúruhamfara. Með því móti myndu Almannavarnir eða lögreglustjóri gefa út ráðleggingar sem ná bæði til manna og dýra. Fyrirvari og árstími geta skipt máli í þessu tilliti.

Það þarf að vera til viðbragðsáætlun vegna hættuástands innan MAST. Ljúka þarf vinnu við þá áætlun. Fram komu óskir um að hafa hana einfalda og aðgengilega.

Það þarf að koma lagalegu hlutverki MAST varðandi viðbragðsáætlun vegna hættuástands á hreint og skýra hvert hlutverk MAST er innan núverandi lagaramma. Skoða þarf löggjöf varðandi hlutverk MAST og Almanna- og Almannavarna og benda á ef misræmi er þar á milli. Skoða þarf lagaumhverfi varðandi dýr í hættuástandi. Einnig þarf að skoða lagaumhverfi varðandi eldvarnir á bújörðum. Stungið var uppá að mæla með breyttri löggjöf um almannavarnir þannig að hún nái til manna, dýra og verðmæta. Skýra þarf hlutverk MAST innan núverandi lagaramma hvað þetta varðar.

Tryggja þarf neyðarsímaþjónustu MAST.

## Eftirfylgni

VÁ-teymið lýkur við gerð viðbragðsáætlunar um hættuástand sem ógnað getur heilbrigði og velferð dýra. Við gerð viðbragðsáætlunarinnar verður umræðan á þessari vinnustofu höfð til hliðsjónar. VÁ-teymið leggur til breytingar á viðbragðsáætlunum Almanna- og Almannavarna hvað hlutverk MAST varðar. VÁ-teymið óskar eftir skoðun lögfræðinga MAST á lagaumhverfi varðandi dýr í hættuástandi, m.a. með það í huga hvort ósamræmi sé í lögum um almannavarnir og lögum sem kveða á um hlutverk MAST, og hvort ákvæði vanti. VÁ-teymið tekur upp mál varðandi neyðarsímaþjónustu við yfirstjórn MAST.

# Viðauki – Gögn sem send voru þátttakendum fyrirfram

## Tími og staðsetning

Miðvikudagur 27. apríl, kl. 9-12

Teams fjarfundur

## Skipuleggjendur

VÁ-teymi MAST

## Stjórnun

Stjórnandi: Auður Lilja Arnpórsdóttir

Ritari A: Kristín Silja Guðlaugsdóttir

Ritari B: Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir

Tímavörður: Þórður Pálsson

## Þátttakendur

Héraðsdýralæknar, sérgreinadýralæknar og yfirdýralæknir

## Tilgangur vinnustofunnar

Ræða hlutverk MAST hvað varðar ýmis konar hættuástand sem ógnar heilbrigði og velferð dýra, annars en alvarlegra dýrasjúkdóma.

## Markmið vinnustofunnar

Í lok vinnustofunnar hafa þátttakendur sameiginlega sýn á hlutverk MAST hvað varðar ýmis konar hættuástand sem ógnar heilbrigði og velferð dýra, annars en alvarlegra dýrasjúkdóma.

Í lok vinnustofunnar hefur VÁ-teymið efnivið til að gera endurbætur á drögum að viðbragðsáætlun vegna hættuástands.

## Framkvæmd

Um er að ræða vinnustofu sem fer fram á Teams.

Vinnustofan byggist á umræðum um viðbrögð MAST við hættuástandi út frá gefnum sviðsmyndum.

Þátttakendur fá fyrir fram lýsingu á viðfangsefnum og lista yfir umræðupunkta. Þeir eru hvattir til að kynna sér vel drög að viðbragðsáætlun vegna hættuástands og undirbúa sig fyrir umræður um þau atriði sem fyrirhugað er að fjalla um og eru í þessu skjali.

## Endurmat

Þátttakendur fá eyðublöð til útfyllingar eftir vinnustofuna þar sem óskað er eftir upplýsingum sem geta hjálpað til við að leggja mat á hvort markmið vinnustofunnar hafi náðst. Þátttakendum gefst einnig tækifæri til að skrifa sínar hugleiðingar og tillögur á eyðublöðin, sem þeir vilja leggja áherslu á eða finnst þeir ekki hafa komið nægjanlega vel á framfæri á vinnustofunni eða farið að hugleiða eftir á.

## Gögn

Drög að viðbragðsáætlun vegna hættuástands.

Sviðsmyndir.

## Dagskrá

09:00 – 09:15 Inngangur og kynning á framkvæmd (stjórnandi vinnustofu)

09:15 – 10:15 Umræður um gefnar sviðsmyndir

Bílvelta

Eldsvoði

Flóð

10:15 – 10:30 Hlé

10:30 – 11:40 Umræður um gefnar sviðsmyndir

Óveður

Aurskriða

Kötlugos

11:40 – 11:55 Umorðun á umræðum og tillögur að úrbótum

11:55 – 12:00 Lokaorð (stjórnandi vinnustofu)



## Sviðsmynd 1 - 101 svín leikur lausum hala eftir bílveltu



Starfsfólk Matvælastofnunar heyrir í kvöldfréttum kl. 18:00 að flutningabíll með rúmlega hundrað svín hafi oltið á Kjalarnesi. Í fréttinni kemur fram að nokkur svín séu slösuð og nokkur dauð en stór hluti þeirra hafi hlaupið í burtu og séu viðbragðsaðilar að eltast við þau. Ekki hefur verið haft samband við Matvælastofnun vegna málsins.

Umræðupunktur:

1. Hefur Matvælastofnun einhverju hlutverki að gegna hvað þetta slys varðar?

Ef ekki, hvers vegna?

2. Ef já:

- a. Hver eiga viðbrögðin að vera?
- b. Hver eru markmið viðbragðanna?
- c. Sjáið þið fyrir ykkur einhverjar hindranir eða áskoranir?

## Sviðsmynd 2 - Fjósbruni á Brunastöðum í Aðaldal



Starfsfólk Matvælastofnunar heyrir í morgunfréttum kl. 7:00 um eldsvoða á Brunastöðum í Aðaldal í Suðurlingeyjarsýslu. Í fréttinni kemur fram að slökkviliðið berjist enn við eldinn. Ekki er vitað um afdrif gripanna. Um er að ræða kúabú með 120 mjólkurkúr og tilheyrandi geldneyti.

Umræðupunktur:

1. Hefur Matvælastofnun einhverju hlutverki að gegna hvað þetta varðar?

Ef ekki, hvers vegna?

2. Ef já:

- a. Hver eiga viðbrögðin að vera?
- b. Hver eru markmið viðbragðanna?
- c. Sjáið þið fyrir ykkur einhverjar hindranir eða áskoranir?

## Sviðsmynd 3 - Aurskriða féll á þorpið Eyrarvík á Vestfjörðum



Starfsfólk Matvælastofnunar heyrir í morgunfréttum kl. 7:00 að aurskriða hafi fallið á þorpið Eyrarvík á Vestfjörðum um nóttina. Skriðan tók með sér nokkur íbúðarhús og ekki er vitað um afdrif allra íbúa og gæludýra í þorpinu. Innan við þorpið er eitt kúabú, nokkur sauðfjárbú og eitt alifuglabú sem ekki lentu í skriðunni en þangað er nú ófært á bílum og rafmagnslaust er á öllu svæðinu. Innan við þorpið er líka fiskeldi í sjókvíum.

Umræðupunktur:

1. Hefur Matvælastofnun einhverju hlutverki að gegna hvað þetta ástand varðar?

Ef ekki, hvers vegna?

2. Ef já:

- a. Hver eiga viðbrögðin að vera?
- b. Hver eru markmið viðbragðanna?
- c. Sjáið þið fyrir ykkur einhverjar hindranir eða áskoranir?

## Sviðsmynd 4 - Óveður í aðsigi: "Nú eru menn á tánum"



Starfsfólk Matvælastofnunar les eftirfarandi í fjölmiðlum á mánudagsmorgni:

Appelsínugul viðvörðun er í gildi fyrir landið allt á miðvikudag, fimmtudag og föstudag. Verst verður veðrið, gangi spár eftir, á föstudag þegar útlit er fyrir hvassa norðvestanátt eins og segir í spá Veðurstofu Íslands. Er talið hyggilegt að huga að skjóli fyrir búfénað.

Teitur Arason, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, segir í samtali við blaðið að ákefðin sem vænta má í úrkomunni á föstudaginn muni á einhverjum tímamarki slaga í úrkomuna árið 2012. Það ár fennti fé víða í kaf.

Mikið óveður gekk yfir Norðurland 10. og 11. september 2012 með fannfergi og viðvarandi rafmagnsleysi dögum saman. Fé var enn á fjalli þegar veðrið skall á og fennti það í kaf í þúsunda vís. Mörg hundruð björgunarsveitarmenn leituðu á stóru svæði dagana á eftir en neyðarástandi var lýst yfir á Norðurlandi. Vikurnar á eftir hélt leit áfram en skaðinn var skeður; mörg þúsund kindur höfðu drepist en það vakti athygli að einstaka kind fannst lifandi, grafin í fönn, langt fram eftir októbermánuði.

Umræðupunktur:

1. Hefur Matvælastofnun einhverju hlutverki að gegna hvað þetta ástand varðar?

Ef ekki, hvers vegna?

2. Ef já:

- a. Hver eiga viðbrögðin að vera?
- b. Hver eru markmið viðbragðanna?
- c. Sjáið þið fyrir ykkur einhverjar hindranir eða áskoranir?

## Sviðsmynd 5 - Rennsli eykst enn í Hvítá



Starfsfólk Matvælastofnunar les í fjölmiðlum að vatnsrennsli í Hvítá við Fremstaver á Kili sé nú 1000 rúmmetrar á sekúndu sem er svipað og í flóðinu mikla 2006 þegar fjöldi búa varð umflotinn vatni í marga daga. Ætla má að rennslið verði innan við sólarhring að skila sér í Ölfusá við Selfoss.

Umræðupunktur:

1. Hefur Matvælastofnun einhverju hlutverki að gegna hvað þetta ástand varðar?


Ef ekki, hvers vegna?

2. Ef já:

- a. Hver eiga viðbrögðin að vera?
- b. Hver eru markmið viðbragðanna?
- c. Sjáið þið fyrir ykkur einhverjar hindranir eða áskoranir?

## Sviðsmynd 6 - Yfirvofandi gos í Kötlu

Ræðið og ákveðið hlutverk og aðgerðir Matvælastofnunar á hverjum og einum af þremur tímapunktum í aðdraganda gossins sem lýst er.




3. júlí 202X kl. 13:34: Tilkynning hefur borist frá samhæfingarstöð almannavarna til Matvælastofnunar um kröftuga jarðskjálftahrinu sem á upptök sín í Kötlu, nánar tiltekið í Kötlujökli. Mælar veðurstofunnar gefa óljóst til kynna að landsig hafi orðið á svæðinu. Almannavarnir hafa lýst yfir óvissustigi vegna yfirvofandi eldgoss í Kötlu og jökulhlaups undan Kötlujökli eða annars staðar undan Mýrdalsjökli.

3. júlí 202X kl. 23:53: Tilkynning berst frá samhæfingarstöð almannavarna um að eldgos sé mögulega hafið í Kötlu. Fyrstu fréttir benda til þess að jökulhlaup sé að hefjast undan Kötlujökli. Flugvél frá Landhelgisgæslunni er að fara í loftið til að kanna aðstæður. Almannavarnir hafa hækkað viðbúnaðarstig vegna yfirvofandi eldgoss í Kötlu upp á hættustig.

4. júlí 202X kl. 00:37: Staðfesting berst frá samhæfingarstöð almannavarna á að eldgos sé hafið í Kötlu. Viðbúnaðarstig hefur verið fært upp á neyðarstig. Á vefmyndavélum og gervitunglamyndum sést að gígur hefur opnast austarlega í Kötluöskjunni. Hlaup er hafið undan Kötlujökli. Á svæðinu er skýjað, hiti 10°C, SV 11 m/s og skúrir. Gríðarleg aska er í gosmekkinum og eldingar á svæðinu.

## Sviðsmynd 7 - Flóðaviðvörðun vegna skjálftavirkni undir Hofsjökli



Starfsfólk Matvælastofnunar les í fjölmiðlum að aukinnar skjálftavirkni hafi orðið vart í Hofsjökli. Engir sigkatlar eru enn sýnilegir í jöklinum en tilkynning hefur borist frá flugmanni í útsýnisflugi að flóð virðist hafið í Illviðrahrauni sem einnig virðist ná til Lambahrauns eystra. Gefin hefur verið út viðvörðun vegna yfirvofandi flóða í Austari og Vestari Jökulsá í Skagafirði. Talið er að það taki flóðið 12-18 tíma að ná niður í byggð.

Umræðupunktur:

1. Hefur Matvælastofnun einhverju hlutverki að gegna hvað þetta ástand varðar?

Ef ekki, hvers vegna?

2. Ef já:

- a. Hver eiga viðbrögðin að vera?
- b. Hver eru markmið viðbragðanna?
- c. Sjáið þið fyrir ykkur einhverjar hindranir eða áskoranir?

## Endurmatseyðublað

1. Fannst þér tilgangur og markmið vinnustofunnar vera skýr?

Já  Nei  ef nei, vinsamlega útskýrðu nánar:

2. Fannst þér viðfangsefni vinnustofunnar vera raunhæf?

Já  Nei  ef nei, vinsamlega útskýrðu nánar:

3. Fannst þér tímalengd vinnustofunnar vera hæfileg?

Já  Nei  ef nei, vinsamlega útskýrðu nánar:

4. Finnst þér vera þörf á að MAST hafi sérstaka áætlun um viðbrögð við hættuástandi sem ógnar velferð og heilbrigði dýra, annars en alvarlegra dýrasjúkdóma?

Já  Nei  Af hverju?

5. Finnst þér gagn af vinnustofum eins og þessari?

Já  Nei  ef nei, vinsamlega útskýrðu nánar:

6. Hvað myndir þú vilja að væri gert á annan hátt á næstu vinnustofu?

7. Annað sem þú vilt koma á framfæri: